# REGLUGERÐ

**um fjárhæðir bóta slysatrygginga almannatrygginga fyrir árið 2020.**

1. gr.

Fjárhæðir bóta samkvæmt II. kafla laga nr. 45/2015 um slysatryggingar almannatrygginga skulu vera sem hér segir fyrir árið 2020:

a. Dagpeningar, skv. 3. mgr. 11. gr., 2.287 kr. á dag.
b. Dagpeningar vegna barns á framfæri, skv. 3. mgr. 11. gr., 513 kr. á dag.
c. Örorkulífeyrir, (100%) skv. 12. gr., 48.108 kr. á mánuði, 577.288 kr. á ári.
d. Dánarbætur, skv. a-lið, 1. mgr. 13. gr., 53.097 kr. á mánuði, 637.166 kr. á ári.
e. Barnalífeyrir, skv. b-lið 1. mgr. 13. gr., 35.565 kr. á mánuði, 426.774 kr. á ári.
f. Dánarbætur, skv. c-lið 1. mgr. 13. gr., 662.726–1.988.900 kr. eingreiðsla.
g. Dánarbætur, skv. 2. mgr. 13. gr., 928.216 kr. eingreiðsla.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 23. gr. og 2. mgr. 25. gr. laga nr. 45/2015, um slysatryggingar almannatrygginga, sbr. 13. mgr. 32. gr. laga nr. 112/2008, um sjúkratryggingar, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. janúar 2020.

*Heilbrigðisráðuneytinu, 10. desember 2019.*

**Svandís Svavarsdóttir.**

*Elsa B. Friðfinnsdóttir.*

B-deild – Útgáfud.: 16. desember 2019